

Efni: Tillaga um að sveitarfélagið Árborg gerist aðili í verkefninu Barnvænt sveitarfélag

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnýslu og starfsemi. Nú þegar eru 21 sveitarfélög víðs vegar um landið sem taka þátt í verkefninu.

Þegar kemur að daglegu lífi barna og ungmenna eru það sveitarfélögin sem sinna þar stærstum hluta verkefna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi árið 2013 og í kjölfar mikillar eftirspurnar eftir fræðslu og stuðningi við innleiðingu sáttmálans hóf UNICEF á Íslandi árið 2016, í samstarfi við umboðsmann barna að þróa verkefnið Barnvæn sveitarfélög. Umsjónaraðili verkefnisins er UNICEF og veitir starfsfólki og kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna ráðgjöf og fræðslu.

Í tilefni að 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þann 18. nóvember 2019 undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra og Bergsteinn Jónsson, þáverandi framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, samning um samstarf við félagsmálaráðuneytið við innleiðingu verkefnisins undir formerkjunum Barnvænt Ísland. Markmiðið er að íslensk stjórnvöld og öll sveitarfélög á Íslandi hafi á næsta áratug hafið markvissa innleiðingu Barnasáttmálans og tileinkað sér barnaréttindanálgun í sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum.

Sveitarfélag sem tekur ákvörðun um að taka þátt í verkefninu skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmálann og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins. Verkefnið Barnvænt sveitarfélag byggir á eftirfarandi grunnþáttum:

- þekking á réttindum barna
- það sem barninu er fyrir bestu
- Jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna
- Þátttaka barna – að borin sé virðing fyrir skoðunum barna
- Barnvæn nálgun.

Innleiðingarferli sveitarfélaga í verkefninu inniheldur átta skref og tekur það að lágmarki tvö ár að ljúka við fyrsta hringinn. Þegar þeim hring hefur verið lokið heldur sveitarfélagið innleiðingunni áfram og setur sér ný markmið. Talað er um innleiðingarhring verkefnisins og eru skrefin eftirfarandi:

1. Staðfesting

Verkefnið krefst þverpólitíks samþykkis um innleiðingu þess. Það er gert til þess að skapa samstöðu innan sveitarfélagsins og skipar verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

2. Stöðumat

Umfangsmesta skref ferlisins er stöðumat. Tilgangurinn með því er að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins og tekur um það bil eitt ár og felur í sér umfangsmikla gagnaöflun. Í stöðumati eru tölfræðigögnum safnað saman, leiðbeinandi spurningalistum er svarað,

spurningakannanir eru lagðar fyrir börn og fullorðna, ungmennapíng eru haldið og viðtöl tekin við sérfræðihópa barna.

3. Fræðsla

Mikilvægt er að sveitarfélagið tryggi að starfsfólk og börn fái fræðslu um mannréttindi barna til að verkefnið gangi upp. Þá er mikilvægt að fræðslunni sé haldið við fyrir nýja starfsmenn og íbúa sveitarfélagsins.

4. Aðgerðaráætlun

Þegar stöðumati er lokið eru gögnin úr þeirri vinnu tekin saman og notuð sem grunnur til þess að setja saman aðgerðaráætlun. Mikilvægt er að aðgerðaráætlunin miði bæði að langtíma- og skammtímamarkmiðum. Börn þurfa að finna strax fyrir breytingunum sem verða þegar sveitarfélagið gerist barnvænt.

5. Framkvæmd

Þegar aðgerðaráætlunin hefur verið samþykkt af UNICED, sveitarstjórn og ungmennaráði er næsta skref að framkvæma þær aðgerðir sem koma fram í henni. Skipaðir eru ábyrgðaraðilar og stundum vinnuhópar til að halda utan um hverja og eina aðgerð en einnig til að sjá til þess að aðgerðaráætlunin verði framkvæmd og henni lokið.

6. Skýrsla

Þegar sveitarfélag hefur framkvæmt þær aðgerðir sem settar voru fram í aðgerðaráætluninni sendir það skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins. Þá sendir ungmennaráð einnig frá sér skýrslu sem tilgreinir þátttöku þeirra í verkefninu og þann ávinning sem verkefnið hafði fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu.

7. Mat og viðurkenning

Þegar búið er að framkvæma aðgerðaráætlun og skýrslum hefur verið skilað gerir UNICEF úttekt á þeirri vinnu sem unnin hefur verið. Sveitarfélagið fær viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag ef UNICEF telur sem svo að verkefnið hafi verið réttindum barna innan sveitarfélagsins til framdráttar og ef allar aðgerðir aðgerðaráætlunar hafa verið framkvæmdar.

8. Ný markmið og endurmat

Síðasta skrefið er endurmat og ný markmið. Þegar sveitarfélag hefur hlotið viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag hefur það stöðumat að nýju. Í kjölfar niðurstaðna úr nýju stöðumati setur sveitarfélagið sér ný markmið. Með því er verið að hugsa um verkefnið sem hringrás en ekki átaksverkefni.

Undirrituð telur mikilvægt að sveitarfélagið Árborg taki þátt í verkefninu Barnvænt sveitarfélag og uppfylli með því Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur var á Íslandi árið 2013 og leggur því fram tillögu til Félagsmálanefndar að vísa málinu til bæjarstjórnar til áframhaldandi meðferðar.

Inga Jara Jónsdóttir, formaður, B-lista